

B 323/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um  
**ráðherranefndartillögu um framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 2018–2022**

**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hrindi í framkvæmd ráðherranefndartillögu um framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks á tímabilinu 2018–2022 að teknu tilliti til sjónarmiða Norðurlandaráðs.

**Forsaga**

Norðurlandaráð fær reglulega skýrslur um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks, núna síðast á reglulegu þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 2017.<sup>1</sup> Þar var meðal annars gerð grein fyrir mati á fyrri framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks á tímabilinu 2015–2017 og frá áformum um að semja nýja framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2018–2022.

Að auki fékk Norræna velferðarnefndin eilítið ítarlegri kynningu á áherslum í væntanlegri framkvæmdaáætlun á nefndarfundinum í janúar 2018.

**Ráðherranefndartillaga um framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks****1. Samantekt**

Þessi ráðherranefndartillaga fjallar um framkvæmdaáætlunina fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 2018–2022. Framkvæmdaáætlunin er þverfagleg og nær til allra hlutaðeigandi fagsviða. Framkvæmdaáætlunin hefur þrjú áherslusvið: mannréttindi, sjálfbæra þróun og frjálsa för. Á hverju áherslusviði eru ýmis verkefni. Fyrri framkvæmdaáætlun árin 2015–2017 er grundvöllur þeirrar nýju. Tvö áherslusvið eru óbreytt: mannréttindi og frjáls för. Þriðja áherslusviðið hét áður „Fjölbreytni“, en hefur nú verið breytt í „Sjálfbæra þróun“. Framkvæmdaáætlunin er lifandi skjal þar sem mörg fyrirhugaðra verkefna taka á sig mynd og verða ákveðin á komandi árum. Einnig mun stór hluti fjárhagsáætlunar taka á sig mynd og verða ákveðin síðar.

<sup>1</sup> Skýrsluna má finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.norden.org/sv/nordiska-raadet/aerenden/dokument-10-2017>



## 2. Forsaga

Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks samanstendur af þremur meginverkfærum: starfi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar á þessu sviði, Fötlunarráðinu og framkvæmdaáætluninni fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks.

### **Mat á Fötlunarráðinu og framkvæmdaáætluninni fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks**

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks hefur starfað síðan haustið 2013 og hefur fengið nýtt umboð sem gildir fyrir sama tímabil og nýja framkvæmdaáætlunin 2018–2022. Ráðið heyrir undir ráðherranefndina um félags- og heilbrigðismál (MR-S), en það gegnir ráðgjafarhlutverki fyrir Norrænu ráðherranefndina í heild sinni. Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (EK-S) pantaði mat (hjá matsfyrirtækinu *Tranquist Utvärdering* í september 2017) um bæði Fötlunarráðið og framkvæmdaáætlunina og niðurstöðurnar vísa veginn fram á við.

Niðurstöðurnar voru að mestu jákvæðar um starfsemi og skipan Fötlunarráðsins. Gagnrýni var fyrst og fremst beint að framkvæmd þverfaglega hlutverksins. Starf að samþættingu fötlunarsjónarmiða í mikilvægustu málaflokkunum er hafið, en það tekur tímann sinn að koma á viðræðum við margar embættismannanefndir. Reynt hefur verið að finna viðeigandi málefni fyrir hvern málaflokk og byggja upp lifandi viðræður á þeim grundvelli.

Að því er varðar mat á framkvæmdaáætluninni, bentu margir þátttakenda á að árangurinn væri góður. Öllum verkefnum í framkvæmdaáætluninni 2015–2017 er lokið og það er mat manna að framkvæmdaáætlunin hafi einnig verið mikilvæg fyrir þróun Fötlunarráðsins með því að skapa sameiginleg og skýr markmið fyrir starfsemina. Um leið telst Fötlunarráðið hafa skipt sköpum fyrir framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar ásamt Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC) og verkefnastarfsemi þeirra.

Að því er varðar framkvæmdaáætlunina komu fram eftirfarandi spurningar í matinu:

- Hver á framkvæmdaáætlunina og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni og eftirfylgni hennar?
- Hvaða hlutverki gegnir Fötlunarráðið með tilliti til framkvæmdaáætlunarinnar?

Í nýju framkvæmdaáætluninni er nú skýr verkaskipting og einnig verður skýr verkaskipting við skipulag einstakra verkefna.

Framkvæmdaáætlunin er unnin af Norrænu velferðarmiðstöðinni og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Fötlunarráðið hefur lagt fram tillögur að innihaldi og einnig hefur verið skipulagt norrænt vinnumálþing með hagsmunasamtökum á sviði fötlunar.

Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál samþykkti nýju framkvæmdaáætlunina 9. febrúar 2018 og ráðherranefndin (MR-S) á að fjalla um framkvæmdaáætlunina á fundi sínum 22. mars 2018.



### 3. Tillaga

Framkvæmdaáætlunin gildir fyrir árin 2018–2022. Hún hefur þrjú áherslusvið og hvert áherslusvið hefur þrjú verkefni:

#### 1. Mannréttindi

Að styðja og efla starf að framkvæmd í löndunum og eftirlit með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Starfsemi:

- 1.1 *Aðgerðir sem efla þekkingu og samráð um mannréttindi og fötlun sem og rödd Norðurlanda á alþjóðavísu*
- 1.2 *Verkefni um frumbyggja og málefni fatlaðs fólks*
- 1.3 *Verkefni um heilsu barna og ungmenna og þátttaka í skóla- og frístundastarfi*

#### 2. Sjálfbær þróun

Að efla þátttöku allra með algildri hönnun mismunandi umhverfis, stuðla að jafnrétti og vinna gegn mismunun fatlaðs fólks á öllum sviðum norræns samfélags með stefnumótandi samþættingu fötlunarsjónarmiða í starfi að sjálfbærri þróun.

Starfsemi:

- 2.1 *Samþætting fötlunarsjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar*
- 2.2 *Algild hönnun og aðgengi – þátttaka og lýðræði*
- 2.3 *Vinumarkaður fyrir alla á Norðurlöndum: Eftirfylgni á þegar skipulögðum málþingum um vinnumarkað og málefni fatlaðs fólks*

#### 3. Frjáls för

Að stuðla að frjálsri för og afnema stjórnsýsluhindranir sem einkum bitna á fötluðu fólki.

Starfsemi:

- 3.1 *Fötlunarsjónarmið í norrænu samstarfi um frjálsa för*
- 3.2 *Frjáls för námsmanna á Norðurlöndum*
- 3.3 *Skipulag samfélagsins sem styður frjálsa för fyrir alla*

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (UNCPRD) og markmiðin í Dagskrá 2030 eru grundvöllur framkvæmdaáætlunarinnar.

Tillagan að framkvæmdaáætlun er meðfylgjandi í heild sinni sem fylgiskjal.

### 4. Mat á áhrifum á börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun

Málefni barna og ungmenna og jafnréttismál skulu tekin fyrir hvert fyrir sig með tilliti til sérhvers verkefnis í framkvæmdaáætluninni. Eitt verkefnanna beinist eingöngu að málefnum barna og ungmenna:

#### 1.3. *Verkefni um heilsu barna og ungmenna og þátttaka í skóla- og frístundastarfi*

Sjálfbærni og Dagskrá 2030 eru viðmið fyrir alla framkvæmdaáætlunina. Áherslusvið tvö nefnist „Sjálfbær þróun“ og tekur sérstaklega á markmiðum 10. *Þátttaka allra óháð aldri, kyni, fötlun, kynþætti, uppruna, trúarbrögðum o.s.frv., 11.*

*Aðgengilegar samgöngur og þéttbýlismyndun, 16. Sameiginleg ákvarðanatöku og 17. Samstarf við félagasamtök í Dagskrá 2030.*



## 5. Samstarfið/skipulag

Framkvæmdaáætlunin nær til ráðherranefndarinnar í heild sinni. Hún er í eigu ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) og skýrslugjöf fer fram árlega til embættismannanefndarinnar (EK-S) á haustfundi hennar. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna velferðarmiðstöðin eiga samstarf um hagnýta samræmingu verkefna, skýrslugjöf og eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar.

## 6. Fjárhagsáætlun/Fjárhags- og mannauðsáhrif

Mótun fjárhagsáætlunar fer fram á árunum 2018–2022. Fjármögnunin samanstendur af grunnfjárveitingu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, framlagi MR-S til skrifstofuhalds Fötlunarráðsins og framlögum frá mörgum öðrum fagsviðum. Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) hefur nú þegar veitt verkefnafjármagn og verkefnafjármögnun frá samstarfsráðherrunum (MR-SAM) hefur verið rædd lítillaga. Ef öllum verkefnum í framkvæmdaáætluninni verður hrint í framkvæmd er heildarfjárhagsáætlun áætluð 3 milljónir danskra króna.

### Álit nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin metur mikils reglubundið samráð við Norrænu ráðherranefndina um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks. Nefndin veitir því eftirtekt að nýja framkvæmdaáætlunin byggir að miklu leyti á fyrri áætlun fram til ársins 2017. Á þann hátt má tryggja samfellu í norrænu samstarfi um málefni fatlaðs fólks, en það er mikilvægt svo tryggja megi árangur þvert á ólík fagsvið og aðila norræns samstarfs.

Nefndin metur mikils að sjá áherslu á heilsu barna og ungmenna sem standa höllum fæti og þátttöku í skóla- og frístundastarfi til að stuðla að góðu veganesti út í lífið. Nemendur með til dæmis skerta námshæfni eiga erfitt í skóla um leið og þekkingu um þessa hópa er oft ábótavant, sem svo leiðir til brotthvarfs úr skóla. Vonandi getur norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks stuðlað að miðlun reynslu og aukið þekkingu í norrænum skólum til að bæta ástandið. Þar sem þegar eru til skilvirkar aðferðir og lausnir fyrir fræðslu og samstarf ber að miðla þeim og gera þær aðgengilegar á hinum Norðurlöndunum.

Norðurlandaráð vinnur á virkan hátt að afnámi stjórnsýsluhindrana og lítur það jákvæðum augum að aukið tillit sé tekið til fötlunarsjónarmiða varðandi frjálsa för. Ekki hvað síst varðandi hreyfanleika námsmanna þar sem Norðurlandaráð hefur áður beint tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að beita sér meira.

Spennandi verður að fylgja eftir öðrum þáttum framkvæmdaáætlunarinnar, til að mynda algildri hönnun og starfsemi og þátttöku barna og ungmenna með tilliti til hjálpartækja (*Assistive Devices for sports/physical activity*) og velferðartækni, þar sem reynt er að nýta sem best tækifæri nýju tækninnar fyrir alla.



Kaupmannahöfn, 3. apríl 2018

*Anna-Maja Henriksson (sv)*

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Jenis av Rana (Mfl.)*

*Krista Mikkonen (gröna)*

*Karen J. Klint (S)*

*Ketil Kjenseth (V)*

*Lennart Axelsson (S)*

*Mika Raatikainen (saf)*

*Nina Sandberg (A)*

*Rikard Larsson (S)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstrihreyfingin – grænt framboð)*

*Ulf Leirstein (FrP)*